

LAUN GUÐHRÆDSLUNNAR.

Saga eftir

SOPHUS SCHANDORPH.



[Niðurlag].

Pétur flýtti sér út með Krúsberg, undan hinum leynilegu forvitnisgægjum og hljóðbæru ekka-stunum, safnaðarins.

— Á eg að útvega þér vagn? spurði Krúsberg þegar þeir voru komnir út á strætið.

— Nei, nei, nei! stundi Pétur J. Pétursson og bandaði til hans hendinni bænarlega.

— Þú ert víst voðalegur stórsyndari, Pédur minn!

— Þú ert.... þú ert.... þú ert margfalt verri en eg — því þú áttir húsalóðirnar, en eg þurfti að kaupa mínar — og....

— En eg er veikur, en þú eru hraustur.

— Æn konan mínn er margfalt veikari en þú, Krúsberg. — Nei, nei, ó, ekki vagn. — Það er of dýrt — eg ætla að ganga heim til þess að bæta fyrir syndir mínar við guð. Svona, nú líður mér betur.

Er það lika nokkur prestur, sem segir annað eins og þetta? Er þetta kristindómur? Þegar maður er sparsamur og borgar öllum það sem þeim ber æ, Krúsberg — fylgdu mér heim!

— Jú, úr því það er drottins

vilji. Og svo getur skeð, að þú verðir eins veikur og eg, Pédur. — Það er hegning frá drottni því hvað lóðunum viðvíkur, seni þú varst að tala um.... þá held eg reyndar, að þú hafir grætt meiri en eg hefi nokkurn tíma grætt.... því þú lánar víst út peninga eða er ekki svo? — Og þú ert víst meðeigandi í heilmögum gömlum húsum niður við Kristjánshöfn — ha? Og þú átt víst hluti í fjórum gistihiðnum, eins og til dæmis bessu, "National" — ha? Snúðu bér í tíma, Pédur.

— Heyrðu, hvað heitirðu nú aftur? Ef þú....., æ, eg er svo veikur og hræddur! Fylgdu mér heim þú þarna utan af Austurbrú.

Gamalmennin löttruðu þarna saman í snjókrepjuhlíðinni, og skiftust einstöku sundurlausum orðum.

— Syndin, Pédur minn....

— Guð hjálpi mér, Krúsberg. Eg er veikur.

— Þá tekur þú sinnaskiftum og selur 'kofaskrattana niður við Kristjánshöfn.....

— O-já, o-já, hver veit?